

á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.

- e) Hundeinganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrir-mælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum yfir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Borgarness staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld að Hlökkum í Fellahreppi skv. 1. gr. laga nr. 51/1974.

1. gr.

Áður en byggingarleyfi er veitt til nýbyggingar á lóð, eða leyfi til stækkunar á eldra húsi, skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald vegna þátttöku í kostnaði við gatnagerð, holræsa- og vatnsæðarlögn að lóðarmörkum.

2. gr.

Gatnagerðargjald, samkvæmt 1. gr., skal reiknað sem hundraðshluti af bygg-ingarkostnaði á gólffermetra í vísitöluhúsinu, eins og hann er ár hvert. Gjaldskráin skal þó aðeins breytast einu sinni á ári, þ.e. 1. janúar í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. (Vísitala byggingarkostnaðar er 101 stig 1. janúar 1976 og byggingarkostnaður á gólffermetra í vísitöluhúsinu kr. 51 050 frá sama tíma).

3. gr.

Gjaldstuðlar til ákvörðunar gatnagerðargjaldi, samkvæmt 1. og 2. gr. skulu vera sem hér segir:

a) Verslunar- og skrifstofuhús	2.0%
b) Einbýlishús	1.5%
c) Tvíbýlis- og parhús	1.1%
d) Rað- og keðjuhús ein hæð	1.0%
e) Rað- og keðjuhús tvær hæðir	0.9%
f) Fjölbýlishús	0.5%

g) Lønnaðar- og atvinnuhús	1.0%
h) Bifreiðageymslur og geymslurými	0.7%
i) Gripahús o.fl.	0.4%

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það, ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um samþykktir fyrir húsfélög.

Almennir fundir.**1. gr.**

Æðsta vald í málefnum húsfélagsins er í höndum almenns fundar þess.

Hver félagsmaður getur skotið þeim ákvörðunum stjórnar, sem honum viðkoma, til almenns fundar.

Á almennum fundi er málum ráðið til lykta með meiri hluta atkvæða og er atkvæði hvers félagsmanns þá miðað við eignarhluta hans.

Til ákvarðana um verulegar breytingar á sameign eða sölu verulegra hluta hennar og um breytingar á samþykktum þessum er þess þó krafist að $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra manna, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, greiði atkvæði með því. Sé minna en helmingur þannig atkvæðisbærra manna á fundi en minnst $\frac{2}{3}$ fundarmanna, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, greiða atkvæði með tillögunni, skal halda nýjan fund innan 14 daga. Á þessum fundi nægir að tillagan sé samþykkt með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða miðað við fjölda og eignarhluta. Regla þessarar síðustu málsgreinar á þó ekki við um breytingar skv. 9. gr. laganna um eignarráð og nýtingu fjölbýlishúsa.

2. gr.

Aðalfundur skal haldinn í mars eða apríl ár hvert.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðast liðið ár og framlagning ársreikninga með undirskrift endurskoðanda.
2. Kosning formanns stjórnar eigi hann að láta af störfum sbr. 6. gr.
3. Kosning annarra stjórnarmanna, sbr. 6. gr.
4. Kosning varamanna, sbr. 6. gr.
5. Kosning endurskoðanda og varamanns.
6. Önnur mál.